

Tillaga	A 1942/UHN
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

## A 1942/UHN Þingmannatillaga um norrænar aðgerðir gegn alþjóðlegum umhverfisglæpum

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að greiða fyrir og samræma norrænt samstarf í tengslum við baráttu gegn alþjóðlegum umhverfisglæpum, og

að vinna með þeim rannsóknarstofnunum sem til eru með það fyrir augum að berjast gegn alþjóðlegum umhverfisglæpum, og að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún stuðli að norrænu samstarfi á milli þeirra óháðu rannsóknarkerfa sem til eru í tengslum við málarekstur vegna alþjóðlegra umhverfisglæpa.

### Bakgrunnur

Umhverfisglæpir eru fjórði stærsti flokkur glæpa í heiminum að sögn Interpol og umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna.<sup>1</sup> Því miður sleppa margir hinna brotlegu við refsingu þar sem brot af þessu tagi eru of sjaldan tilkynnt og of sjaldan er ákært fyrir þau. ESB, sem nú er að efla umhverfislöggjöf sína í takt við hinn nýja græna sáttmála, stendur nú þegar frammi fyrir miklum úrlausnarefnum þegar kemur að málarekstri á grundvelli núverandi löggjafar á þessu sviði.<sup>2</sup>

Ein helsta ástæða þess að ekki er sótt til saka fyrir umhverfisglæpi – allt frá ólöglegu skógarhöggi, tjóni vegna vinnslu og notkunar á jarðefnaeldsneyti, losun á metani frá olíu

<sup>1</sup> <https://www.eurojust.europa.eu/news/report-environmental-crime-stresses-need-further-cooperation>

<sup>2</sup>

[https://www.environmentalprosecutors.eu/sites/default/files/document/Cap%20and%20Gap%20report\\_FINAL\\_Print.pdf](https://www.environmentalprosecutors.eu/sites/default/files/document/Cap%20and%20Gap%20report_FINAL_Print.pdf)



og gasi og frá kolanámi og urðun – tengist aðgengi að vönduðum upplýsingum og stuðningi sem gerði lögregluþyrifirvöldum og saksóknurum kleift að innleiða árangursríkt verklag. Annað og tengt vandamál felst í skorti á samhæfingu á milli þeirra stofnana landanna sem berjast gegn glæpum þegar kemur að því að taka á umhverfisglæpum, svo sem með því að skiptast á upplýsingum, mannafla og stuðningi. Um alvarleg vandamál er að ræða vegna þess að lögsókn vegna umhverfisglæpa – hvort sem það er fyrir dómstólum á sviði refsiréttar, stjórnsýsluréttar, stjórnarskrárréttar eða einkamálaréttar, eða hvort sem það er á innlendu eða alþjóðlegu dómstigi – getur aðeins orðið árangursrík ef hún byggist á viðeigandi og sannfærandi sönnunargögnum.

Rannsóknarkerfi hafa í seinni tíð reynst árangursríkt tæki og hafa blásið nýju lífi í baráttuna gegn umhverfisglæpum. Tilgangur þeirra er að leggja fram og styðja við ákærur á innlendum og alþjóðlegum vettvangi ásamt því að hindra alla ólöglega starfsemi sem snertir umhverfið um heim allan. Á meðal verkefna þeirra er að afla upplýsinga frá borgaralegum samtökum, vísinda- og menntastofnunum, starfsfólki heilbrigðiskerfisins, tæknilegum stofnunum, fjölmiðlum og fyrirtækjum. Þegar upplýsingarnar hafa verið teknar saman og greindar finnur kerfið viðeigandi lagagreinar í því skyni að geta lagt málgögn fyrir dómstóla á viðeigandi dómstigi. Eitt öflugasta rannsóknarkerfið á sviði umhverfismála er Center for Climate Crime Analysis.<sup>3</sup> Þar hefur tekist að byggja upp traustan málatilbúnað sem leitt hefur til ákæru í mörgum löndum.

Það sem er jákvætt við óháð rannsóknarkerfi er að þau ganga ekki gegn fullveldi annarra ríkja. Það er vegna þess að allar þær stofnanir sem vinna gegn brotastarfsemi og sem yrði boðin aðstoð rannsóknarkerfisins gætu sjálfar ákveðið hvort og að hve miklu leyti aðstoðin væri þegin.

Norðurlönd hafa löngum verið þekkt fyrir að halda í heiðri meginreglur réttarríkisins, lýðræðislega skiptingu valds og að vinna gegn spillingu. Þetta eru mikilvæg rök fyrir því að Norðurlönd taki þátt í að skapa betri skilyrði til að takast á við umhverfisglæpi. Við þetta bætist sá mikli áhugi sem norrænu löndin hafa á sýnt á því að setja aukinn metnað í marghliða ákvarðanatöku í tengslum við alþjóðlegar umhverfis- og loftslagsáskoranir. En hvaða máli skiptir metnaðarfull löggjöf ef dómstólar hafa ekki nein úrræði til að höfða mál fyrir umhverfisglæpi.

Því teljum við að Norðurlönd ættu að styðja eitt eða fleiri rannsóknarkerfi á sviði umhverfismála. Slíkt myndi jafnframt senda diplómátísk og pólitísk skilaboð til umheimsins um að taka einnig þátt í að fjármagna óháð rannsóknarkerfi sem í dag eru undirfjármögnuð.

---

<sup>3</sup> <https://climatecrimeanalysis.org/>



Þá myndi norrænt samstarf efla baráttu gegn brotum á þessu sviði heima fyrir. Liður í þessari vinnu er að vekja athygli á þörfinni á auknu samstarfi lögreglu- og saksóknaraembætta norrænu landanna þegar kemur að því að sækja til saka fyrir umhverfisglæpi. Með samræmingu væri hægt að koma augu á glufur í starfinu sem eitt eða fleiri rannsóknarkerfi gætu lagað.

Stokkhólmi, 23. janúar 2023

*Simon Holmström (HI)*

*Hanna Katrín Friðriksson (V)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Anders Adlercreutz (sfp)*

*Anna Falkenberg (Sb)*

*Ola Elvestuen (V)*

*Johan Dahl (Sb)*

*Rebecka le Moine (MP)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (FF)*

*Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)*

*Heli Järvinen (Gröna)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Helena Gellerman (L)*

*Hans Christian Schmidt (V)*

*Kathrine Kleveland (Sp)*

*Outi Alanko-Kahiluoto (Gröna)*

*Catarina Deremar (C)*

*Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (F)*

*Jon Stephensen (M)*

*Mikael Lindholm (ÅC)*